


Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS skrifar um framtíð grásleppuveiða:

Framtíð grásleppuveiða

Þrítugasti og fimmti aðalfundur Landssambands smábátaeigenda samþykkti að óskað verði eftir breytingum á skipulagi grásleppuveiða þannig að bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

Við undirbúning reglugerðar um hrognkelsaveiðar 2019 lagði LS mikla áherslu á að ákvæði um hlé á veiðum yrði sett þar inn. Auk þess að það var vilji grásleppusjómanna var tillagan studd af samstarfsnefnd um bætta umgengni um auðlindir sjávar sem heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Þrátt fyrir þennan víðtæka stuðning dugði það ekki til, sjávarútvegsráðherra ákvað að verða ekki við beiðninni.

Tillaga aðalfundar var ítrekuð á fundi LS með Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Gerð var grein fyrir helstu kostum tillögunnar. Eins og að koma í veg fyrir netatjón vegna fyrirsjáanlegs stórviðris. Þá fæli hún í sér aukna möguleika á að forðast óæskilegan meðafla.

Viðbrögð ráðherrans gáfu ekki til kynna að skoðun hans hefði breyst frá í fyrra. LS mun eftir sem áður freista þess að koma ákvæðinu til framkvæmda verði veiðistjórn á grásleppu með sama hætti og verið hefur.

Veiðistjórn á grásleppu

Eins og fram hefur komið hefur sjávarútvegsráðherra kynnt í ríkisstjórn frumvarp um breytta veiðistjórn á grásleppu (kvótasetningu). Frumvarpið var í framhaldinu sent til skoðunar og meðferðar í þingflokkum stjórnarflokkanna. Eftir því sem næst verður

komist hefur hvorki Framsókn né VG afgreitt frumvarpið frá sér. Af þeim sökum er ólíklegt að veiðistjórn á grásleppuvertíðinni 2020 verði með öðrum hætti en verið hefur.

Rétt er að geta þess hér að LS hefur ekki séð frumvarpið, en drög að því voru til kynningar og umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda á síðastliðnu sumri.

Á nefndum fundi með ráðherra boðaði hann reglugerð um hrognkelsaveiðar 2020 sem birt yrði í Samráðsgáttinni á næstu dögum. Í henni kæmu fram verulegar breytingar, einkum var þar nefnt hert ákvæði um meðafla. Þá er ekki ólíklegt að eftirlit verði aukið á einstaka svæðum þar sem hætta er á að selur komi í netin. LS hefur ekki fengið kynningu á reglugerðardrögunum þrátt fyrir beiðni þar um.

Bandarísk lög gætu sett strik í reikninginn

LS hefur fylgst náið með umræðu og vinnu stjórnvalda er varða ákvæði bandarískra laga um sjávarspendýr sem meðafla við fiskveiðar. Ákvæðið kemur til framkvæmda 1. janúar 2022 og gæti haft þær afleiðingar að bann verði sett á innflutning allra þorskafurða til BNA frá þjóðum sem stunda veiðar þar sem sjávarspendýr veiðast sem meðafli. Hætt er við að grásleppuveiðar verði í brennidepli vegna þessa máls, ekki síst út af því að nær útilokað er að stunda grásleppuveiðar á einstaka veiðisvæðum án þess að fá sel sem meðafla. Í því skyni ritaði LS Guðlaugi Þór Þórðarsyni bréf í aðdraganda að fundi hans með Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Í bréfinu sagði meðal annars:

„Við greiningu flokka bandarísk yfirvöld einstaka veiðar eftir hversu mikil hætta er á að sjávarspendýr komi sem meðafli við þær. Eins og staðan er í dag er hætt við að grásleppuveiðar muni lenda í flokki sem fellur undir veiðar þar sem mest hætta er á meðafla sjávarspendýra. Takist stjórnvöldum ekki að sýna fram á með óvéfengjalegum hætti að grásleppuveiðar skaði ekki sjávarspendýr, á Ísland á hættu að BNA setji viðskiptabann á þorskafurðir frá landinu“.



Örn Pálsson *reifar hér hugsanlegar breytingar í framtíð grásleppuveiða*

40 dýr að hámarki sem meðafli

Einkum er það veik staða landselsstofnsins sem horft er til. Hann má að hámarki vera 40 dýr á ári sem meðafli. Vert er að hafa verulegar áhyggjur af þessu málefni þar sem meðafli landsels í grásleppunet er fyrir hendi á einstaka vertíðum.

Bandarísk stjórnvöld vinna nú úr skýrslu sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Hafrannsóknastofnun skiladi til þeirra í september sl. Íslensk stjórnvöld eiga í samskiptum við aðrar þjóðir varðandi þetta málefni. Meðal þeirra eru Noregur, Kanada, Grænlandi og Færeyjar.

Miklir hagmunir í húfi

Fjöldi báta á grásleppuvertíðinni 2019 var 240 og var afli þeirra 4.952 tonn. Gera má ráð fyrir að fjöldi sjómanna í áhöfn þessara báta hafi verið nálægt fimm hundruð. Aflinn skilaði þeim rúmum 1,6 milljörðum í aflaverðmæti.

Áætlun gerir ráð fyrir að útflutningsverðmæti ársins verði 2,6 milljarðar. Þá eru ótalin 200 – 300 manns sem starfa við vinnslu, framleiðslu og þjónustu í landi.